

## Hverfisnefnd Naustahverfis

### 39. fundur, 28. febrúar 2012

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 22:00

Mættir: Bjarni Sigurðsson, Ómar Ívarsson, Sveina Björk Jóhannesdóttir og Gísli Rúnar Magnússon

Gestur: Benedikt Sigurðarson, framkvæmdarstjóri Búseta á Norðurlandi

Fundargerð ritaði Gísli Rúnar Magnússon

#### 1. Skipulagsmál á reit norðan við leikskólann (Naustahverfi 1. áfangi, Hólmatún 1-9).

Benedikt rakti forsögu þessa reits, frá því þegar Búseti átti reitinn, þegar Samkaup svo eignaðist hann og til dagsins í dag þegar Hyrna hefur eignast reitinn, en Hyrna hyggjast setja 5 fjórbylishús á reitinn en ekkert verslunar- og/eða þjónustuhúsnæði eins og til hefur staðið skv. fyrri deiliskipulögum. Farið var yfir gamlar og nýrri teikningar af skipulaginu og skipulagsmálin rædd vítt og breitt. Fram kom að Búseti er ekki sáttur við þetta nýja deiliskipulag frekar en flestir í hverfisnefndinni. Íbúðamagn breytist og segja má að standardinn í hverfinu lækki þar sem ekki er boðið fram annað sambærilegt svæði undir verslunar- og/eða þjónustuhúsnæði í Naustahverfi I. Ljóst er að það geta jafnvel liðið 10-20 ár þangað til næsti áfangi hverfisins verður byggður og sé ætlunin að fresta byggingu verslunar- og/eða þjónustuhúsnæðis þangað til byggt verður þar þá finnst flestum það langur tími að bíða eftir þjónustu í hverfið.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið.